



SAMNINGUR UM BITASTRAUMSAÐGANG MILLI MÍLU OG VIÐSEMJANDA

Viðauki 8

GPON+

Almennt

Um er að ræða fyrirtækjatengingar á GPON kerfi Mílu, frá notanda að næsta nettengipunkti auk flutnings á IP neti. Enginn endabúnaður er innifalinn í vörunni ef frá er talin ljósbreyta (ONT).

GPON+ er vara sem hentar litlum og meðalstórum fyrirtækjum fyrir ýmiskonar gagnaflutning. Á hverri GPON+ tengingu geta að hámarki þrjár þjónustutengingar (VLAN).

Greitt er sérstaklega fyrir leigu á ljósleiðaranum, en eigandi ljósleiðarakerfisins sér um innheimtu þess gjalds. Eigandi ljósleiðarakerfisins getur verið Míla, eða aðrir aðilar þar sem Míla býður upp á GPON þjónustu.

Hraði til notanda er 50 Mb/s og hraði frá notanda er 25 Mb/s

Míla skilar þjónustunni í ljósbreytu en viðsemjandi ber kostnað við nauðsynlegar lagdir innanhúss, s.s. tengingu innanhússlagna við ljósbreytu.

Endabúnaður og fyrsta stigs þjónusta (þjónusta við endanotanda) er á ábyrgð viðsemjanda ef frá er talin ljósbreyta, sem er á ábyrgð Mílu.

Þjónustan er í boði á sömu staðföngum/heimilisföngum og hefðbundnar GPON tengingar á Ljósveitu Mílu. Nálágast má upplýsingar um staðföngin á þjónustuvef Mílu og Míla.is.

Verð

Mánaðargjald hvernar GPON+ tengingar er 7.980 kr.

Stofngjald hvernar GPON+ tengingar er 12.980 kr.

Ofangreint verð er án virðisaukaskatts